



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 1. október 2020 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið og kallaði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau fyrir undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundir skipulags- húsnæðis og hafnanefndar 13. ágúst og 10. september.

*Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar.*

#### 2. 2001008 - Sjóvarnir í Flatey, breytt framkvæmd.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní sl. umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarnar í Flatey sem fól í sér byggingu á sjóvörn við gamla þorpið á um 30 metra kafla. Við nánari athugun þykir sú lausn ekki heppileg að mati Vegagerðarinnar, því gríðarmikið magn þarf af steypu í vegginn auk þess sem grundun á þessu svæði er mjög erfið. Lagt er til að leggja í staðinn sérstakt stálvíranet yfir bakkann til að koma í veg fyrir frekara rof. Þessi lausn hefur verið notuð víða í Evrópu með góðum árangri, t.a.m. sem skriðu- og grjótvörn, en einnig sem rofvern fyrir ágangi sjávar. Stálvírarnir í netinu eru sterkir, með góða tæringavörn og hafa ekki mikil sjónræn áhrif.

*Skipulagsnefnd hefur kynnt sér minnisblað Vegagerðarinnar um breytingu á framkvæmdaleyfi og fylgigögn. Fyrir liggja umsagnir frá Minjastofnun Íslands og Breiðafjarðarnefnd varðandi áður fyrirhugaða framkvæmd. Það er mat sveitarstjórnar að framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og er framkvæmdin í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, sbr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

*Sbr. bókun sveitarstjórnar dags. 16. júní 2020, gerði Minjastofnun Íslands ekki aðrar athugasemdir við áður fyrirhugaða framkvæmd en að hún yrði auglýst og kynnt samkvæmt 6. grein laga um verndarsvæði í byggð og að stofnuninni yrði tilkynnt um upphaf framkvæmda áður en þær hæfust með tilliti til eftirlits við framkvæmdina. Áður fyrirhuguð framkvæmd var auglýst sl. sumar.*

*Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemd við áður fyrirhugaða framkvæmdina en benti á í umsögn að uppfylla þyrfti skilyrði varðandi verndarsvæði í byggð. Skilyrði um verndarsvæði í byggð voru uppfyllt með auglýsingu á umsókn framkvæmdaleyfisins áður en ákvörðun sveitarstjórnar lá fyrir.*

Áður fyrirhuguð framkvæmd var auglýst og kynnt sl. sumar samkvæmt 6. grein laga um verndarsvæði í byggð og telur skipulagsnefnd að umfang breytinga á framkvæmdinni sé þess eðlis að ekki þurfi að auglýsa breytta framkvæmd á nýjan leik. Hins vegar verður hún grenndarkynnt fyrir eigendum nærliggjandi húsa.

3. 2005001 - Smábátahöfn í Flatey.

Lagt fram til kynningar,

4. 2006006 - Reykhólahöfn dýpkun, verkfundargerð.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver):

5. Stekkjalundur 5, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám.

Umsókninni er hafnað. Sveitarstjóra og byggingafulltrúa falið að kanna stöðu annarra framkvæmda á lóðinni. Samþykkt samhljóða.

6. Skálanes, stofnun lóðar undir vegsvæði.

Lögð fram umsókn um stofnun lóðar.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur byggingafulltrúa að stofna lóðina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17.10.

---

---

---

---

---

---